

**240. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 22. maí 2024 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja, Gíslína Erna Valentínusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Anna María Þórðardóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Hjörvar Gunnarsson áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólustjóra, Ragnheiður Helgadóttir varamaður, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri, Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri, Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri og Kristjana H. Ólafsdóttir fjármálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2312018 - Foreldrafélög grunnskólanna - reglubundið samráð við skóla- og frístundaráð**

Reglubundið samtal fulltrúa foreldrafélaga grunnskólanna og skóla- og frístundaráðs fer fram tvisvar á ári, í maí og desember.

Ólöf Helga Jónsdóttir, Anna María Þórðardóttir, Marsibil Björk Eiríksdóttir, Kristín Kötterheinrich og G. Erna Valentínusdóttir sátu fundinn undir þessum dagskrárlið ásamt Heiðrúnu Janusardóttur verkefnastjóra frístunda- og forvarnarmála.

*Skóla- og frístundaráð þakkar fulltrúum foreldrafélaga grunnskólanna fyrir komuna og gagnlegt samtal. Rætt var um framtíðarsýn mótuneytismála og fyrirkomulag gjaldfrjálsra skólamáltíða. Fulltrúar foreldra leggja áherslu á mikilvægi þess að gjaldfrjálsar skólamáltíðir komi ekki niður á gæðum. Jafnframt var rætt um endurnýjun búnaðar í íþróttahúsinu á Vesturgötu og þörf fyrir strætóskýli við biðstöðina á Háholti ásamt foreldrafræðslu og nauðsyn þess að tryggja fjármagn til uppbyggingar skólalóðar Grundaskóla eftir að framkvæmdum lýkur á svæðinu.*

**2. 2403044 - Mánaðayfirlit 2024**

Kristjana H. Ólafsdóttir fjármálastjóri fer yfir rekstrarstöðu málaflokksins fyrstu þrjá mánuði ársins 2024.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Kristjönu fyrir góða yfirferð.*

**3. 2402214 - Framkvæmdir við mannvirki á skóla- og frístundasviði - reglubundið yfirlit**

Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði kynnir stöðu framkvæmda á skóla- og frístundasviði.

*Framkvæmdir á mannvirkjum á skóla- og frístundasviði ganga almennt vel og eru á áætlun. Skóla- og frístundaráð þakkar Önnu Maríu fyrir greinargóða kynningu.*

#### 4. 2405048 - Skráningardagar 2024-2025

Skóla- og frístundaráð lagði til á síðasta fundi sínum að foreldrum leikskólabarna yrði send einföld spurningakönnun til þess að kanna viðhorf þeirra til áframhaldandi skráningardaga skólaárið 2024 til 2025. Niðurstöður þeirrar könnunar verða lagðar fram til kynningar.

Anney Ágústsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra og Hjörvar Gunnarsson áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna sitja fundinn undir þessum dagskrárlíð.

*Niðurstöður könnunar kynnt fyrir skóla- og frístundaráði og áheyrnarfulltrúum leikskóla. Niðurstöður voru mjög jákvæðar fyrir áframhaldandi skráningardögum. Vinna þarf nánar með útfærslu skráningadaga, s.s. bjóða fleiri daga, meiri sveigjanleika og í hvaða mánuði gjaldfrelsið tekur til. Leikskólarnir eru að vinna að samræmdu leikskóladagatali til að auka á fyrirsjáanleika skráningardaga. Sviðsstjóra og verkefnastjóra er falið að koma með mótaða tillögu að fyrirkomulagi skráningardaga fyrir 2024-2025 á næsta fund skóla- og frístundaráðs.*

#### 5. 2006228 - Jaðarsbakkar 1 - hönnun ípróttamiðstöðvar

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 7. febrúar s.l. fól ráðið sviðsstjóra og forstöðumanni ípróttamannvirkja í samstarfi við framkvæmdarstjóra ÍA mótun verklagsreglna um nýtingu og umgengni við nýja ípróttahúsið á Jaðarsbökkum. Gert var ráð fyrir að drögum yrði skilað til umsagnar í skóla- og frístundaráð á vormánuðum. Hér er til kynningar og umræðu fyrstu drög að notkun, nýtingu og úthlutn rýmis í nýju ípróttahúsi að Jaðarsbökkum.

Gyða Bergþórsdóttir formaður ÍA, Daníel S. Glad forstöðumaður ípróttamannvirkja og Anna María Þráinsdóttir verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði sitja fundinn undir þessum dagskrárlíð.

*Kynnt voru drög að verklagsreglum um nýtingu nýja ípróttahússins á Jaðarsbökkum sem nær til sameiginlegra rýma, klefa og skrifstofuaðstöðu. Sviðsstjóra og forstöðumanni ípróttamannvirkja falið að vinna málið áfram.*

#### 6. 2405056 - Mötuneyti grunnskóla - framtíðarsýn

Skóla- og frístundaráð vinnur að gerð verkefnisáætlunar um framtíðarsýn í mötuneytismálum grunnskólanna með það m.a. að markmiði að greina áskoranir, kostnað og tækifæri við gjaldfrjálsar skólamáltíðir ásamt því að vinna enn frekar í átt að fjölbreytni og gæðum skólamáltíða.

*Kynnt voru drög að verkefnisáætlun um framtíðarsýn mötuneyta grunnskólanna. Sviðsstjóra og fjármálastjóra falið að vinna málið áfram.*

#### 7. 2403007 - Menntastefna Akraneskaupstaðar - innleiðing

Innleiðing menntastefnu Akraneskaupstaðar gengur vel. Stýrihópur leggur til breytingatillögur er snúa að tímalengd stefnunnar ásamt orðalagsbreytingum og sameiningu markmiða.

*Skóla- og frístundaráð samþykkir breytingartillögur stýrihóps um innleiðingu menntastefnu og vísar stefnunni til afgreiðslu í bæjarstjórn.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.**